

## 6.042 Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaráætlana



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Markmið brunavarnaáætlunar.....	3
Gerð og efni brunavarnaáætlunar.....	3
Endurskoðun brunavarnaáætlunar.....	4
Samþykkt og kynning brunavarnaáætlunar.....	4
Uppbygging brunavarnaáætlunar.....	4
1. Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins.....	5
2. Þjónustustig.....	5
3. Skipulag slökkviliðs.....	5
3.1. Skipulag.....	5
3.2. Forvarnastarf.....	6
3.3. Útkallsstarf.....	6
3.4. Önnur verkefni.....	7
3.5. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð.....	7
3.6. Útkallstími kafli 3.4.....	7
4. Húsnæði og tækjabúnaður.....	8
4.1. Húsnæði.....	8
4.2. Búnaður.....	8
4.3. Æfingasvæði.....	8
5. Slökkvivatn.....	8
6. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur.....	8
7. Samkomulag og samningar.....	9
8. Framkvæmdaáætlun.....	9
Ítarefni.....	10
Viðauki.....	10

## Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaráætlana

Í lögum um brunavarnir segir:

### Í 13. gr. um brunavarnaáætlun

„Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar..“

### Í 16. gr. um skyldur slökkviliðsstjóra

„... Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.“

### Markmið brunavarnaáætlunar

Leiðarljós brunavarnaáætlunar er markmið laganna sem er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Jafnframt er eitt af meginmarkmiðunum með brunavarnaáætlun að sveitarfélög skilgreini hvernig þau nái að uppfylla tilgreind þjónustustig.

### Gerð og efni brunavarnaáætlunar

Slökkviliðsstjóra semur brunavarnaáætlun fyrir sitt starfssvæði

Áður en brunavarnaáætlun er gerð þarf að meta þær hættur sem varða verkefni slökkviliðsins í áhættumati.

Jafnframt þarf að gera greiningu á mannafla- og búnaðarþörf fyrir allar áhættur sem eru mótandi fyrir stærð slökkviliðsins (stærstu og erfiðustu áhættur á starfssvæðinu)

Einnig þarf að gera viðbragðsáætlanir (slökkvíáætlanir og mengunarvarnaáætlanir) yfir samfélagslega mikilvægustu áhættuna á svæði slökkviliðsins.

Upp úr þessum gögnum þarf að vinna yfirlit yfir núverandi stöðu slökkviliðsins, þ.m.t. hvort;

- búnaður slökkviliðsins sé nægjanlegur,
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra, menntun og þjálfun, sé nægjanleg,
- aðgengi sé gott að nægjanlegu slökkvivatni,

- staðsetning og húsnæði slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins.

Komi í ljós að gera þurfi úrbætur þarf að setja fram framkvæmdaáætlun sem lýsi því hvernig áformað sé að bæta úr þeim atriðum sem er áfátt t.d.;

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, eða bæta annan búnað slökkviliðsins,
- bæta aðstoðu og skipulag slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins,
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum,
- bæta aðgengi að nægjanlegu slökkvivatni.

Áform um verulegar breytingar á skipulagi, starfssvæði og starfssemi slökkviliðsins sem fyrirhugaðar eru innan fimm ára skal upplýsa um í brunavarnaáætlun.

Slökkviliðsstjóri þarf að hafa samráð við aðila á starfssvæðinu sem veitt geta mikilvægar upplýsingar um forsendur brunavarnaáætlunar.

### Endurskoðun brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en fimm árum eftir samþykkt hennar. Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á skipulagi slökkviliðs eða forsendum brunavarnaáætlunar skal hún endurskoðuð þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykki hennar.

### Samþykkt og kynning brunavarnaáætlunar

Áður en ný eða endurskoðuð brunavarnaáætlun öðlast gildi skal hún samþykkt af viðkomandi sveitarstjórn og af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Slökkviliðsstjóri kynnir brunavarnaáætlunina fyrir samstarfsaðilum sínum eins fljótt og auðið er.

Brunavarnaáætlanir eru gerðar aðgengilegar almenningi á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

### Uppbygging brunavarnaáætlunar

Brunavarnaáætlun þarf að vera þannig uppbyggð að hún veiti þeim aðilum sem þurfa að geta nálgast þær upplýsingar sem þar eru gefnar réttar upplýsingar.

Brunavarnaáætlun á þannig að veita

- almenningi upplýsingar um það hvaða öryggi þeim er búið í sveitarfélaginu og með hvaða hætti þjónustan er veitt.
- hönnuðum nægjanlegar upplýsingar til að ákvarða forsendur við hönnun mannvirkja (t.d. vatn, stærð og geta og útkallstími).
- eigendum mannvirkja nægjanlegar upplýsingar um þjónustustig slökkviliðsins.
- sveitarstjórn nægjanlegar upplýsingar til að taka upplýstar ákvarðanir um slökkviliðið m.a. fjármögnun.

Æskilegt er að notast sé við eftirfarandi megin-fyrirsagnir þannig að brunavarnaáætlunin sé auðveld yfirlestrar og samanburðarhæf við aðrar slíkar áætlanir.

### 1. Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins

Í þessum kafla á að vera greinargerð um hvernig slökkvilið hefur fundið og metið þær áhættur sem móta stærð slökkviliðsins. Einnig þarf að koma fram hvenær þetta áhættumat fór fram og hvenær það var síðast endurskoðað.

Gera skal grein fyrir niðurstöðu áhættumatsins.

Gera skal grein fyrir niðurstöðu greiningar á mannafla og búnaðarþörf slökkviliðsins.

Mengunarvarna- og slökkviáætlanir þurfa að vera til fyrir samfélagslega mikilvægar áhættur innan starfssvæðisins. Ef í þeim eru atriði sem móta stærð slökkviliðsins þarf að gera grein fyrir þeim í þessum kafla

### 2. Þjónustustig

#### Lögbundin verkefni

Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi fimm meginþjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum.

Koma skal skýrt fram hvaða þjónustu slökkviliðið sjálft veitir og hvaða þjónustuflokkum er sinnt af öðru slökkviliði eða skoðunarstofu. Öllum samstarfssamningum skal gera skil, sjá kafla 7.

Innan hvers þjónustuflokks verða undirflokkar sem gefa til kynna þjónustustig, sem metið er af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

#### Önnur verkefni slökkviliða

Heimilt er að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem tilgreind eru hér að framan. Þau verkefni mega þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Verkefni skulu koma fram og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið að hálfu slökkviliðsins til að tryggja að þau dragi ekki úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum.

### 3. Skipulag slökkviliðs

#### 3.1. Skipulag

Slökkvilið er lögbundin starfssemi sveitarfélags. Gera þarf grein fyrir hvernig sveitarfélagið uppfyllir þetta hlutverk.

Gera þarf grein fyrir stjórn og skipulagi slökkviliðsins í skipuriti. Koma þarf fram hversu mörg stöðugildi eru í hverju hlutverki og hversu margir manna þau.

Einnig skal koma fram hvernig yfirstjórnun slökkviliðsins er háttað innan sveitarfélagsins í skipuriti sveitarfélagsins. Sé um byggðasamlag að ræða þarf að gera grein fyrir hvernig stjórn byggðasamlagsins er skipuð.

Gera skal grein fyrir lágmarks mannaflaþörf í slökkviliðinu og hver fjöldi eldvarnaeftirlitsmanna, slökkviliðsmanna og stöðugilda er.

Sjá leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar nr. 6.053 um mat á búnaðar – og mannaflapörf. Sé ekki sýnt fram á að annað sé nægjanlegt skal miða við eftirfarandi lágmarks fyrirkomulag á rekstri slökkviliðs:

- a. Yfir 15.000 íbúar í einstöku þéttbýli á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið með fastri mannaðri sólarhringsvakt slökkviliðsmanna á slökkvistöð.
- b. Yfir 5000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið þar sem slökkviliðsmenn eru á vakt á slökkvistöð á dagvinnutíma. Utan þess tíma er slökkviliðið mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu vaktskipulagi.
- c. Undir 5000 íbúar á starfssvæði slökkviliðs: Slökkvilið er mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu vaktskipulagi. Í þéttbýli með fleiri en 300 íbúum skal vera útkallseining.

Í sveitarfélögum þar sem ekki er nægur fjöldi íbúa til að manna slökkvilið eða sveitarfélagið hefur af öðrum ástæðum ekki möguleika á að uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar með rekstri eigin slökkviliðs skal sveitarfélagið semja við nærliggjandi sveitarfélag um rekstur sameiginlegs slökkviliðs. Á fámennum og landfræðilega afskekktum dreifbýlissvæðum, þar sem ekki er hægt að koma því við að vera með útkallslið er heimilt að tryggja öryggi svæðisins með öðru skipulagi slökkviliðs. Brunavarnir skulu þá tryggðar t.d. í formi aukinna einkabrunavarna og forvarnastarfs sem viðhaldi ásættanlegu öryggi fyrir líf, heilsu, umhverfi og eignir og/eða með rekstri útstöðvar með fyrsta viðbúnaði fyrir utanhúss slökkvistarf og þjálfun íbúa í björgunarstörfum á meðan beðið er eftir slökkviliði.

Einnig skulu verkefni slökkviliðsins við almannavarnaaðstæður koma fram.

### 3.2. Forvarnastarf

Gera þarf grein fyrir því hvernig eldvarnaeftirlitið er skipulagt, mannað, menntað og þjálfað til þess að annast eftirlit með þeim áhættum sem eru á starfssvæði slökkviliðs og nauðsynlegt forvarnastarf.

Fjöldi starfandi eldvarnaeftirlitsmanna skal taka mið af þeim áhættum sem eru í sveitarfélaginu. Í slökkviliði skal þó að lágmarki vera einn eldvarnaeftirlitsmaður í fullu starfi fyrir hverja 10.000 íbúa á starfssvæði slökkviliðsins, nema rökstutt sé að annað sé nægjanlegt. Ef íbúar eru færri skal lágmarksstarfshlutfall eldvarnaeftirlits vera í réttu hlutfalli við íbúafjölda. Meta þarf hvort aðstæður og áhættur í sveitarfélaginu krefjist aukins fjölda eldvarnaeftirlitsmanna.

### 3.3. Útkallsstarf

Geri þarf grein fyrir því hvernig útkallsliðið er skipulagt, mannað, menntað og þjálfað til þess að annast viðbragð í þær áhættur sem eru á starfssvæði slökkviliðs. Koma þarf fram hver er lágmarksfjöldi í fyrstu útkallseiningu og hver er heildarfjöldinn sem er tiltækur í útkallið. Jafnframt skal gera grein fyrir hvernig bakþjónustu við stærri útköll er háttað (samhæfingarmiðstöð virkjuð eða aðrar lausnir).

Gera þarf grein fyrir hvernig hvert þjónustustig er mannað, ásamt því að lýsa því hvernig slökkviliðsmennirnir eru menntaðir og þjálfaðir til þess að sinna viðkomandi þjónustustigi. Nauðsynlegt er að nægjanleg þekking og reynsla til að ráða við áhættur í sveitarfélaginu sé til staðar í slökkviliðinu og að henni sé viðhaldið, einnig að haldin sé skrá yfir alla menntun og æfingar með tryggum hætti og hvar þessi skráning er vistuð.

Gera skal grein fyrir árlegri menntunar- og æfingaáætlun og hvar hún er vistuð.

Meta þarf hvort aðstæður og áhættur í sveitarfélaginu krefjist sérstakra aðgerða varðandi mönnun, menntun og þjálfun slökkviliðsmanna.

### 3.4. Önnur verkefni

Ef slökkviliðið skiptir starfsemi sinni upp í fleiri starfssvið og/eða deildir þarf að gera grein fyrir þeim. Tryggja skal að önnur verkefni sem slökkviliðunum er falið að vinna rýri ekki viðbragðsgetu slökkviliðsins.

### 3.5. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð

Gera þarf grein fyrir hvernig fjarskiptum við samstarfsaðila er háttað.

Í brunavarnaáætlun skal koma fram hvernig staðið er að viðvörunum og upplýsingagjöf til almennings í neyðartilvikum sem og hvaða neyðartilvik krefjast slíkra aðgerða. Þetta gildir einnig fyrir neyðartilvik utan sveitarfélagsins sem geta haft afleiðingar fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

### 3.6. Útkallstími kafli 3.4.

Gera þarf grein fyrir viðbragðstíma slökkviliðs. Skipta skal útkallssvæði slökkviliðs í eftirfarandi flokka eftir viðbragðstíma:

Útkallssvæði 1: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín frá útkalli.

Útkallssvæði 2: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín frá útkalli.

Útkallssvæði 3: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín frá útkalli.

Útkallssvæði 4: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín frá útkalli.

Sýna skal tímalínur á korti sem skipta starfssvæði slökkviliðs í útkallssvæði eftir viðbragðstíma og verkefnum. Á útkallssvæði 4 skal sýna tímalínur fyrir hverjar viðbættar 15 mínútur.

Slökkviliðsstjóri skal halda yfirlit yfir viðbragðstíma á hverju útkallssvæði og innan hvers verkefnis, sbr. lýsingu á þjónustustigi í 2 kafla., sem skal uppfært árlega eða þegar breytingar verða.

Mannvirki sem eru á útkallssvæði 3 og 4 kunna að þurfa auknar brunavarnir, einkabrunavarnir og eldvarnaeftirlit vegna útkallstímans.

Á þeim stöðum þar sem útkallstími slökkviliðs er yfir 15 mín eða slökkviliðið er á einhvern hátt vanbúið til að ráða við eld í mannvirki á þessum svæðum (útkallssvæði 3 og 4) skulu brunavarnir mannvirkis auknar sem áhrifum þessa nemur. Byggingaleyfi mannvirkja þar sem útkallstími er yfir 15 mín byggja á upplýsingum í brunavarnaáætlun viðkomandi slökkviliðs og því er mikilvægt að greinargóðar upplýsingar séu um þessi svæði.

Sýna má flokkun byggðar og útkallstíma á korti eða kortum af starfssvæðinu í heppilegum skala. Við skipulag sveitarfélagsins á landnotkun þarf að gera viðeigandi ráðstafanir þannig að slökkviliðið uppfylli þær kröfur sem eru gerðar á viðkomandi svæði. Ef slökkviliðið uppfyllir ekki kröfur um



skilgreindan viðbragðstíma á eitthvert svæði þarf það að koma fram, hvort úrbætur er fyrirhugaðar og þá með hvaða hætti.

#### 4. Húsnæði og tækjabúnaður

Í þessum kafla þarf að bera saman niðurstöður úr greiningu á búnaðarþörf og raunverulega stöðu slökkviliðsins og gera grein fyrir hvernig slökkviliðið hyggst leysa þau vandamál sem þessi samanburður leiðir í ljós.

Halda þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftarreglur sjá leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar nr. 6.065<sup>1</sup> um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar þannig að rekstraraðili slökkviliðsins sjái hvaða fjárhæð er nauðsynleg til að viðhalds og endurnýjunar á tækjabúnaði.

##### 4.1. Húsnæði

Gera skal grein fyrir starfsaðstöðu slökkviliðs, fjöldi slökkvistöðva og annars húsnæðis, staðsetningu og ástandslýsing. Einnig skal gera samanburð við þarfir slökkviliðsins og ef þær eru ekki uppfylltar skal koma fram áætlun um úrbætur.

##### 4.2. Búnaður

Slökkvilið skal hafa til umráða fullnægjandi búnað til að geta sinnt verkefnum sínum. Lágmarksbúnaður skal ákveðinn í brunavarnaáætlun sveitarfélags en skal þó aldrei vera minni en lágmarksbúnaður skv. leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar nr. 6.065 um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar slökkviliða.

Gera skal grein fyrir því yfir hvaða búnaði slökkviliðið hefur að ráða, sbr. búnaðarlista og ástandi hans. Einnig skal gera samanburð við þarfir slökkviliðsins og ef þær eru ekki uppfylltar skal koma fram áætlun um úrbætur.

##### 4.3. Æfingasvæði

Gera skal grein fyrir því hvaða æfingasvæði slökkviliðið hefur til afnota, hvernig það er búið og hvort það hefur starfsleyfi.

#### 5. Slökkvivatn

Gera skal grein fyrir öflun slökkvivatns á starfssvæði slökkviliðsins.

Gera skal grein fyrir hvernig eftirliti með virkni brunahana í umdæminu í samráði við rekstraraðila viðkomandi vatnsveitu er háttað, sérstaklega m.t.t. vetrarþjónustu.

Þar sem slökkvivatn fæst ekki úr brunahönum þarf að gera grein fyrir öflun þess á öllum tímum árs. Einnig skal koma fram hvernig kortlagningu vatnsbóla er háttað, viðhaldi þeirra og aðkomu.

#### 6. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Í 12. gr., e. lið, laganna segir að hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga sé m.a. að:

*“halda skrá yfir öll mannvirki og aðra staði þar sem eldsvoði getur valdið sérstakri hættu á manntjóni eða umtalsverðu tjóni á umhverfi eða öðrum verðmætum.”*

<sup>1</sup> Sjá einnig lög um ársreikninga nr. 3/2006

Slökkviliðið skal halda skrá yfir þau mannvirki og staði sem undir þennan lið falla innan starfssvæðisins.

Staðsetning vatnsverndarsvæða og annarra viðkvæmra svæða skal sýna á korti í brunavarnaáætlun vegna mengunarvarnasjónarmiða.

Tíðni eldvarnaskoðunar þessara áhætta skal koma fram í áhættugreiningu.

Gera skal grein fyrir fyrirkomulagi byggðar með tilliti til eldhættu, s.s. atvinnustarfsemi, samgöngumannvirki, íbúðabyggð, frístundabyggð, þétt timburhúsabyggð o.s.frv. Hér þarf einnig að fjalla um varafli og fjarskiptamannvirki eftir því sem við á.

Heimilt er að afmarka svæði þar sem óheimilt er að brenna sinu vegna þeirrar hættu sem af því getur stafað fyrir umhverfið, heilsu fólks, nálæg mannvirki eða starfsemi á svæðinu. Óheimilt er að veita leyfi til sinubrennu á svæðum sem þannig hafa verið afmörkuð í brunavarnaáætlun.

Einnig er hægt að tilgreina brennstæði og aðra takmörkun á meðferð opins elds vegna veðurfarslegra þátta, vindáttar, loftgæða, umhverfis eða landfræðilegra aðstæðna og þess háttar.

Koma skal fram ef sérstök viðbragðseining er starfrækt í sveitarfélaginu á vegum annarra en slökkviliðs. Tilgreina skal á hvaða grundvelli slíkar einingar starfa, t.d. hvort um sé að ræða ákvörðun slökkviliðsstjóra á grundvelli 24. gr. laga um brunavarnir eða forsendu fyrir útgáfu byggingarleyfis, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Gera skal grein fyrir lágmarksfjölda starfsmanna viðbragðseiningar, um lágmarksþjálfun þeirra og um búnað sem viðbragðseiningin skal hafa tiltækan.

Taka skal fram ef þessar áhættur gera sértakar kröfur til búnaðar slökkviliðsins, t.d. um körfubíl, tankbíl eða mengunarvarnabúnað.

Gera þarf grein fyrir körfubílum, tankbílum og viðbragðseiningum utan slökkviliða.

## 7. Samkomulag og samningar

Gera skal grein fyrir samstarfssamningum við önnur sveitarfélög.

Einnig skal lýsa samkomulagi slökkviliðs við aðra aðila, til að mynda um not af búnaði, mannafla og sérþekkingu.

Ef sveitarfélagi er þjónað að hluta til af öðru slökkviliði t.d. vegna fámennis eða landfræðilegra aðstæðna skal gera grein fyrir því.

## 8. Framkvæmdaáætlun

Gera þarf grein fyrir þeim breytingum og/eða endurskoðun á starfsemi slökkviliðsins sem fyrirhugað er að gera á gildistíma brunavarnaáætlunar og koma ekki fram annars staðar í áætluninni.

Gera þarf grein fyrir hvaða fyrirkomulag er haft á viðhaldi, afskriftum og úreldingu búnaðar og húsnæðis.

Hvernig á að bregðast við þeim áhættum sem slökkviliðið ræður ekki við. Það er ekki valkostur að ráða ekki við áhættur í sveitarfélaginu sem leyfi er fyrir.

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir m.a. falist í að;

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins,
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir,

- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum,
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana.

### Ítarefni

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, (2015), *Leiðbeiningar nr. 6.053 um mat á búnaðar- og mannaflapörf slökkviliða*

BEREDSKABSSTYRELSEN, (2004), *HÅNDBOG I RISIKOBASERET DIMENSIONERING*, ISBN: 87-91133-92-0  
sótt 2.3.2011 af <http://www.brs.dk/fagomraade/tilsyn/csb/dimensionering/RBDhaandbog.pdf>

27.8.2013: <http://brs.dk/viden/publikationer/Documents/RBDhaandbog.pdf>

### Viðauki

Útkallssvæði slökkviliða.

Í brunavarnaáætlun skal gera grein fyrir viðbragðstíma slökkviliðs.

Með viðbragðstíma er átt við þann tíma sem líður frá því að hringt er í 112 þar til slökkvilið hefur störf á vettvangi.

Skipta skal útkallssvæði slökkviliðs í eftirfarandi flokka eftir viðbragðstíma:

Útkallssvæði 1: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín frá útkalli.

Dæmi um svæði sem eðlilegt er að flokka í útkallssvæði 1:

- i miðbær í þéttbýli og aðrir þjónustukjarnar í stærri bæjum*
- ii byggð með sérstakri brunahættu*
- iii sjúkrahús, heimavist, hótél og aðrar byggingar þar sem koma þarf mörgum út*
- iv sérstaklega hættulegur iðnaður*
- v fyrirtæki með stóra bruna- eða mengunarhættu*
- vi hafnarsvæði þar sem hættuleg efni eru til staðar*
- vii þétt íbúabyggð og háhýsi*
- viii samkomuhús fyrir fleiri en 300 manneskjur*

Útkallssvæði 2: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín frá útkalli.

Dæmi um svæði sem eðlilegt er að flokka í útkallssvæði 2:

- i gisin íbúabyggð*

Útkallssvæði 3: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín frá útkalli.

Dæmi um svæði sem eðlilegt er að flokka í útkallssvæði 3:

- i gisin íbúabyggð*

---

*ii dreifbýli með þéttbýliskjörnum með minna en 300 íbúa og sumarhúsabyggð*

Útkallssvæði 4: Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín frá útkalli.

Dæmi um svæði sem eðlilegt er að flokka í útkallssvæði 4:

*i sveitabæir*

*ii fjallaskálar og hús utan alfaraleiða*